

# Fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

## 10. maí 2023, kl: 14:00.

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi  
Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi  
Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi  
Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi  
Jón Árnason frá Vesturbyggð  
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð  
Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð  
Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð boðaði forföll

Bryndís Gunnlaugsdóttir, Róbert Ragnarsson og Vilhjálmur Sveinsson frá KPMG. Vilhjálmur ritaði fundargerð.

### I. Kynning frá Hér & Nú

Fulltrúar Hér & Nú kynntu fyrstu drög af markaðsefni og markaðsáætlun. Almenn ánægja var með tillögurnar og lögð var áhersla á myndræna framsetningu og að efnið væri á helstu tungumálum er töluð væru á svæðinu. Aðilar voru sammála áherslum Hér og Nú að fá virkja íbúa til að koma skilaboðum á framfæri.

*Hér og Nú mun senda uppfærðar hugmyndir af markaðsefni til samstarfsnefndar.*

### II. Teiknari fyrir íbúafundi.

Lögð voru fram tilboð í teikningar á íbúafundum í júní. Eitt tilboð barst frá teiknaranum Elínu Elísabetu Einarsdóttur en einnig hafði Lára Gardarsdóttir áhuga en gafst ekki tími til að senda inn tilboð fyrir fundinn.

*Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við Elínu Elísabetu Einarsdóttur.*

### III. Hagsmunabarátta – Samgönguáætlun

Almennar umræður voru um þá miklu hagsmuni svæðisins á bættum samgöngum og að samgönguáætlun kæmi til umræðu á þingi nú í vor. Mikilvægt væri að samstarfsnefnd kæmi sér saman um áherslur í samgöngumálum á svæðinu. Fram kom að í vinnu starfshópa hafi komið skýrt fram að í nánast öllum málaflokkum væri forsenda fyrir auknum árangri í málaflokkunum að það kæmu jarðgöng á svæðið. Samstarfsnefndin fól Ólafi Þór Ólafssyni að skipuleggja heimsókn fulltrúa samstarfsnefndarinnar til allra þingflokka nú á vordögum og KPMG að útbúa minnisblað til þingflokka.

*Samstarfsnefndin samþykkir samhljóða að forsenda fyrir árangursríkri sameiningu sveitarfélaganna sé að á samgönguáætlun verði gert ráð fyrir göngum um Mikladal og Hálfán sem tengir saman Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bildudal. Á þessari leið eru óvenjumiklar hæðarbreytingar, veðrasamt, brattar brekkur og mikil snjósöfnun sem torveldur að hægt sé að búa til eitt þjónustu- og atvinnusvæði í væntanlegu sveitarfélagi.*

### IV. Starfshópar

Farið var yfir vinnudag starfshópa og frumdrög úr umræðum þar um verkefni heimastjórna. Einnig var samþykkt tímasetning fyrir samstarfsnefndina til að fara yfir þá málaflokka er nefndinni var falið að sjá um. Starfshópar eiga að skila sínu tillögum til samstarfsnefndar eigi

síðar en 19. maí og á næsta fundi samstarfsnefndar mun KPMG skila samantekt um tillögur að heimastjórnnum.

*Samstarfsnefnd samþykkir samhljóða að funda 17. maí kl.15:00 og taka þá fyrir atvinnu- og byggðamál og aðkomu ríkisins að svæðinu.*

**V. Vinnudagur samstarfsnefndar**

Lagt var til að samstarfsnefndin haldi vinnudag föstudaginn 9. júní í framhaldi af íbúafundi og geti þannig sett upp fyrstu drög að álitni til sveitarstjórnar.

*Samþykkt samhljóða að funda föstudaginn 9. júní og var formanni, varaformanni og sveitarstjórum falið að finna nákvæmari tímasetningu þegar nær dregur.*

**VI. Íbúakosningar – Sveitarfélög þurfa að setja reglur fyrir kosningu**

Ráðgjafar KPMG fóru yfir nýja reglugerð um íbúakosningar þar sem farið var sérstaklega yfir heimildir til lækkunar kosningaaldurs og fyrirkomulag póstkosningar. Sveitarfélögin þurfa að setja sér eins reglur um íbúakosningu tímanlega fyrir kosningar næsta haust og var KPMG falið að setja upp drög fyrir sveitarfélögin í samræmi við umræður á fundi og leggja fyrir næsta fund samstarfsnefndar.

*Samþykkt samhljóða að útvíkka kosningarétt fyrir sameiningarkosningar með því að færa kosningaaldur niður í 16 ára.*

**VII. Drög að þjónustustefnu – til umræðu**

Bæjarstjóri Vesturbyggðar lagði fram til umræðu hvort það væri gagnlegt að gera drög að þjónustustefnu sbr. [130.gr. sveitarstjórnarlaga](#) sem getur verið mjög lýsandi um hug samstarfsnefndar um þjónustu í byggðum sameinað sveitarfélags. Almenn umræða var um málið þar sem núverandi þjónusta og framtíðarmöguleikar voru rædd. Aðilar voru sammála um mikilvægi þess að þjónustustefna verði gerð fyrir sveitarfélagið en ekki væri tímabært að ráðast í þá vinnu að svo stöddu.

**VIII. Væntingastjórnun – til umræðu**

Almennar umræður um mikilvægi væntingastjórnunar í aðdraganda íbúakosningar um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna.

**IX. Svarbréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga**

Lagt fram til kynningar.

Samstarfsnefndin óskaði eftir tæplega um 19.200.000 kr. en Jöfnunarsjóðurinn samþykkti 17.400.000 kr. úthlutun. Var KPMG falið að óska eftir upplýsingum um úthlutunina.

**X. Önnur mál**

Rætt var um mikilvægi þess að ná til íbúa af erlendum uppruna.

*Samþykkt samhljóða að halda sérstakan íbúafund á Tálknafirði með túlk fyrir íbúa af erlendum uppruna þann 7. júní kl.17:00*

**XI. Næsti fundur**

Næsti fundur samstarfsnefndar var ákveðinn 24 maí klukkan 15:00 og aukafundur verði haldinn miðvikudaginn 31 maí klukkan 16:00 vegna vinnu starfshópa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:50.